

## Skólaráðsfundur 17. janúar 2020

Mættir: Guðlaug skólastjóri, Kristín fyrir hönd starfsfólks, Karen og Silla fyrir hönd kennara, Rebekka Líf, Iðunn og Selma fyrir hönd nemenda og Sigurbjörn fyrir hönd foreldra.

Farið yfir starfsáætlun Ingunnarskóla. Sigurbjörn bendir á lúsina, eða það sem kemur frá heilsugæslunni. Guðlaug bendir á að nýr kafli eigi eftir að koma inn í starfsáætlunina. Skólinn, ásamt 3 öðrum skólum, fékk næst hæsta B-styrkinn til að byggja upp sköpunarsmiðjur á miðrymi stofanna. Gerða er verkefnastjóri hjá okkur og fundar reglulega með öðrum verkefnastjórum. Háskóli Íslands, menntavísindasvið, er með okkur í þessu verkefni og gefa okkur umsögn og ráðleggingar og meta og skoða innleiðinguna í skólunum. Langtíma hugsun með verkefninu þannig að skólarnir tileinki sér vinnuna en hún fjari ekki út. Silla segir frá því hvað 6. bekkur hefur verið að gera, gera tæknirými á miðjunni, nota greenscreen, makey-makey, osmo og fleira. Nemendur sammála að gott er að hafa sem mesta fjölbreytni og próf valdi kvíða og eru ekki eins hentug og verkefni almennt.

Guðlaug segir frá niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk.

Í 7. bekk, íslenska 21% í bláa sem er framúrskarandi, 63% í græna sem er meðallag og 19,8% í rauða sem er undir mörkum. Stærðfræði 30% í bláa sem er frábært, 57% í græna og í rauða 13,5%. Þeir nemendur sem lenda á rauða svæðinu eru boðaðir á fund ásamt foreldrum og gerð áætlun hvernig hægt er að aðstoða nemandann til að ná betri árangri.

Í 4. bekk er íslenska, 13% í rauða, 65% í græna og 21% í bláa, lesskilningurinn er 32,4% sem eru í bláa, 43,2% í græna og 24,5% í bláa hópnum. 24,32% í bláa, 54% í græna og 21,6% í rauða. Erum ofan við viðmiðin og erum ánægð með það en viljum fá fleiri í bláa hópinn. Guðlaug segist ekki geta séð hvernig við stöndum gangvart hverfinu eða borginni lengur, en erum svipuð miðað við undanfarin ár. Sigurbjörn spyr hvað gert er fyrir nemendur sem eru framúrskarandi. Silla segir frá hvað gert hefur verið í 7. bekk, nemendur sem eru háir fá tækifæri til að taka lokapróf í stærðfræði og fara í 8. bekkjar efnið.

Guðlaug dreifir skóladagatali 2019-2020 og fer yfir hvaða fundir eru á dagskrá hjá okkur framundan. 14. febrúar fundur undir með foreldraráðinu.

27. mars fundur og farið í nemendamál, nemendur þurfa að vera búnir að fara í bekkina. Þarf að fara í skóladagatalið á þessum fundi.

15. maí fundur

Önnur mál:

Sigurbjörn kemur með fyrirspurn með bensinstöðina, hvernig þau mál standi. Þurfum að klára erindið sem byrjað var á.

Guðlaug segir frá því að skólahjúkrunarfræðingurinn okkar, Hörn, sé hætt með engum fyrirvara. Heilsugæslan telur okkur ekki fá neinn hjúkrunarfræðing út skólaárið sem Guðlaug er alls ekki sátt við það. Allir sammála á fundinum að það sé ekki boðlegt að hafa ekki hjúkrunarfræðing í skólanum. Skólaráð vill koma á framfæri áhyggjum sínum af þessu máli, vill þrýsta á að málið verði leyst sem allra fyrst, mjög alvarlegt að hafa ekki hjúkrunarfræðing.

Guðlaug segir frá að einn af umsjónarkennurum á yngsta stigi fari í veikindaleyfi og er verið að reyna að leysa málin innan húss. Fjöla sem hefur verið í forföllum mun koma inn ásamt fleirum sem hafa verið að koma að.

Silla talar um að málin með diskana og það sem rætt var á síðasta fundi. Málið hefur ekki verið leyst en Guðlaug vill meina að það sé í boði að fá lánaða diska og skálar fyrir þá sem eru ekki í mat eða eru með nesti en þeim er ennþá neitað í mötuneytinu.

Ný skömmunarborð eru komin og nú er áætlunin að allir verði farnir að skammta sér sjálfir fyrir skólalok. Nemendur tala um að það sé betra að skammta sér sjálfir, áður fyrr var gefið of lítið. Kristín talar um að matarsóun hafi aukist ef eitthvað er og áréttar að nemendur fái sér meðvitað á diskinn þannig að nemendur fái sér hæfilegt magn. Kristín talar um að eftir síðasta skólaráðsfund fengu nemendur á unglíngastigi vatnskönnur en einhverjir snillingar hafi hellt vatni út um allt. Guðlaug talar um að starfsfólk í mötuneytinu hafi hrósað sérstaklega unglíngastiginu fyrir að ganga vel um og vera kurteis. Nemendur mæla með mötuneytisstarfsfólk komi í tíma á unglíngastigi og hrósi nemendum svo allt komist til skila til nemenda.